

13.10.2017-04.02.2018

Stór- Ísland Greater- Iceland



Stór-Ísland

Við lítum á Ísland sem heimili okkar. Ástæður þess að við kusum að koma hingað skipta litlu. Sömu leiðis skiptir litlu að við erum ofurmeðvituð um *sjálf* okkar í framandi aðstæðum og finnst við misskilin þegar við tjáum okkur, sérstaklega í töluðu máli. Með tímanum finnst okkur við ná að tjá okkur meira óhindrað – að minnsta kosti á meðan við höldum áfram að kljást við listina. Kannski kemur enn upp einhver misskilningur, mögulega ekkert jafn augljóst og rangtúlkun talaðra orða. *Kannski*. Eitt er þó á hreinu; okkur er lífsnauðsynlegt að sinna listinni til að reyna að botna í hlutunum og tjá okkur.

Heima á Íslandi leggjum við til okkar skerf sem listamenn. Við erum líka kennarar, framkvæmdastjórar, arkítektar, forverðir og sjálfstætt starfandi tæknimenn. Líf okkar hér er ekki stakur punktur á tímalínunni heldur miðjan í spírölum sem rekast saman, skarast og renna saman við aðra spírala. Við tökum það sem við erfðum úr fortíð okkar og kynnum það fyrir nútíðinni. Við höfum lært að vinna ein og við alls kyns erfiðar aðstæður. Við munum halda áfram að fást við þá erfiðleika sem enn eiga eftir að koma upp. Í millitíðinni höldum við okkar striki og syngjum, lofum, blótum og bölvum á öllum þeim tungumálum sem við kunnum.

Anna Hallin fæddist árið 1965 í Olofström, bæjarfélagi í suðurhluta Svíþjóðar. Hún lærði keramik, útskrifaðist með meistargráðu frá háskólanum í Gautaborg og lauk síðar annarri MFA-gráðu í myndlist frá Mills College í Oakland í Kaliforníu. Hún hefur búið og starfað á Íslandi síðan 2001.

Claudia Hausfeld fæddist árið 1980 í Berlín, Þýskalandi. Hún bjó í Sviss og Danmörku áður en hún flutti til Íslands árið 2010. Hún lærði ljósmyndun við Listaháskólann í Zürich og hefur lokið BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands.

Jeannette Castioni fæddist árið 1968 í Verónu á Ítalíu. Hún lærði myndlist við listaháskóla í Bologna. Eftir að hún flutti til Íslands árið 2004 hélt hún áfram námi við Listaháskólann og lauk þaðan BA-prófi. Síðar hlaut hún MFA-gráðu við Goldsmith's College í London.

Joris Rademaker fæddist árið 1958 í smábænum Eersel í Hollandi. Hann lauk listnámi í Mollerinstitútt, Tilburg og við AKI lista- og hönnunarskólann í Enschede í Hollandi. Árið 1991 tók hann sig upp og flutti til Íslands, settist að á Akureyri þar sem hann hefur búið og starfað síðan.

Rebecca Erin Moran fæddist árið 1976 í Greeley í Colorado í Bandaríkjunum. Eftir að hafa lokið BFA-námi við Listaskólann í Chicago, flutti hún til Hollands og síðan til Íslands árið 2005.

Sari Maarit Cedergren fæddist árið 1965 í Kauniainen, litlum bæ nær Helsinki í Finnlandi. Hún flutti til Íslands árið 1986 og hefur búið hér og starfað síðan. Hún nam myndlist við Konstfack og KTH arkitektaskólann í Stokkhólmi, við Listaháskólann í Helsinki og við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Theresa Himmer fæddist í Árósum í Danmörku árið 1976. Fyrst öðlaðist hún meistargráðu í arkitektúr við Arkitektaskólann í Árósum. Hún einbeitti sér í kjölfarið að myndlist og lauk MFA-gráðu við School of Visual Arts og tók síðan eitt ár á sérstakri námsbraut við Whitney-listasafnið, hvort tveggja í New York. Theresa flutti til Íslands árið 2005.


Á sýningunni *Stór-Ísland* koma saman nokkrir listamenn sem eiga það fyrst og fremst sameiginlegt að hafa sest að á Íslandi og sinna listinni af elju þrátt fyrir krefjandi aðstæður og efasemdir. Hugmyndin að sýningunni kviknaði út frá tilfinningu um að þörf væri á að fjalla um þetta listafólk, þrautseigju þess við listsköpun og þátttöku í listasamfélaginu. Þegar allt kemur til alls einkennir slík hreyfing listræna orku margra annarra borga heimsins.

Listafólkið hafði frjálssar hendur við að velja hvaða verk það vildi sýna. Áhrif þeirrar samsetningar verða ef til vill eitthvað í líkingu við að heyra nokkur móðurmál töluð í einu. *Stór-Ísland* getur verið staður þar sem listin afhjúpar ólýsanlegar tilfinningar og „túlkar“ hugtök með ímyndum sem standa stakar en ekki einar.

Í orðinu *Stór* í heiti sýningarinnar felst tilvísun í fjölbreytileikann sem hefur gert sig heimakominn á listasviðinu á Íslandi í marga áratugi. Ef nefna á listamann sem gerði Ísland að heimili sínu og hafði áhrif, mun margt málsmetandi fólk í listaheiminum án efa nefna Dieter Roth (f. í Þýskalandi 1930, d. 1998 í Sviss) sem flutti til Íslands seint á sjötta áratugnum og varð íslenskur ríkisborgari. *Stór-Ísland* vísar þannig til þeirra möguleika sem þessu listafólki eru færir, einstakrar innsýnar þess og framlagi til listarinnar.

Yean Fee Quay, sýningarstjóri

Yean Fee fæddist í Singapúr árið 1969 og flutti til Íslands árið 2000. Hún brautskráðist með BFA-gráðu frá Pratt Institute og MFA gráðu frá School of Visual Arts, hvort tveggja í New York. Hún var sýningarstjóri í SVA Galleries í New York og í Listasafni Singapúr. Yean Fee hefur starfað hjá Listasafni Reykjavíkur síðan 2006.




Jeannette Castioni (IT/IS), *Tides*, 2014




Claudia Hausfeld (DE/IS), *Object in Process*, 2017



Joris Rademaker (NL/IS), *Mitt Mine*, 2015



Theresa Himmer (DK/IS), *Sundmarðurinn The Swimmer*, 2015



Anna Hallin (SE/IS) & Oiga Bergmann (IS), *Viðfang – hluti af Rek Subject* – part of *Drift*, 2012



Rebecca Erin Moran (USA/IS), *Sync Hole; Still Life with Fries*, 2017



Sari Maarit Cedergren (FI/IS), *Clear 0720-1050 18.6 '14*, 2014

Greater-Iceland

We call Iceland home. For whatever reason that prompted us to locate here, it is of little consequence. So is being acutely aware of our own *selves* in unfamiliar situations or having a sensation of being misunderstood when we communicate, in particular during verbal exchanges. With time passing we do not feel interrupted as much, as long as we persist on our activities as artists. Perhaps there are still misunderstandings; perhaps they are not as distinct as misinterpretation of spoken words. *Perhaps*. But this much is clear; being an artist is vital to us in making sense of things and communicating.

At home in Iceland is where we make our contributions professionally as artists. But we are also teachers, managers, architects, conservators and freelance technicians. Our lives here are not points in time but centres of spiralling circles that collide, overlap and merge into other spirals. We take what we inherited in our pasts to witness our presents. We have learned to work in solitude and resisted countless circumstances. We will continue to learn to resist the yet unimaginable circumstance. In the meantime, as we have been doing, we still sing, praise, curse and swear in every language we know.

Anna Hallin was born in 1965 in Olofström, a municipality located in the south of Sweden. She studied ceramics and received her masters degree in Sweden at Gothenburg University and later, her second MFA in Studio Arts from Mills College in Oakland, California, USA. She has been living and working in Iceland since 2001.

Claudia Hausfeld was born in 1980 in Berlin, Germany. She lived in Switzerland and Denmark before moving to Iceland in 2010. She studied photography at Zürich University of the Arts and received a BA in visual arts from the Iceland Academy of the Arts.

Jeannette Castioni was born in 1968 in Verona, Italy. She studied at the Academy of Painting in Bologna, Italy. After moving to Iceland in 2004, she continued her studies at the Iceland Academy of the Arts where she received her BA. Later she completed her MFA at Goldsmith's College, London.

Joris Rademaker was born in 1958 in the small town of Eersel, The Netherlands. He completed his art education in Mollerinstituut, Tilburg and at AKI Academy of Art and Design, Enschede in The Netherlands. He uprooted himself to the north of Iceland and settled down in Akureyri in 1991. He has been living and working in the town since.

Rebecca Erin Moran was born in 1976 in Greeley in Colorado, USA. After she completed her BFA studies at the School of the Art Institute of Chicago, Moran moved and lived in The Netherlands before taking up residence in Iceland in 2005.

Sari Maarit Cedergren was born in 1965 in Kauniainen, a small town near Helsinki, Finland. Cedergren moved to Iceland in 1986 and has been living and working here since. She acquired her visual arts studies at Konstfack and KTH School of Architecture in Stockholm, at the Academy of Fine Arts in Helsinki and at The Icelandic Arts and Crafts College in Reykjavík.

Theresa Himmer was born in 1976 in Aarhus, Denmark. Her first degree, a masters in architecture, was completed at the Aarhus School of Architecture. She expanded her focus into visual art and completed her MFA at the School of Visual Arts, which was followed by the Independent Study Program at the Whitney Museum of American Art, both in New York, USA. Himmer moved to Iceland in 2005.

Greater Iceland places a group of contemporary artists together who share first and foremost the fact that sometimes in the past they relocated to Iceland. Still today they single-mindedly make their art despite doubts and circumstances. The idea for the exhibition is prompted on a hunch that something needs to be told about these artists and their commitments to art and involvements in the local visual art community. After all, this flux of artistic energies occurs in many cities in the rest of the world.

For the exhibition, the artists have had the liberty to choose what they want to exhibit. The effect might be like hearing several mother tongues spoken at the same time. *Greater-Iceland* could be a place where art unravels ineffable feelings and "transcribes" concepts into images, each for itself rather than solitary.

The nuance in interpreting the *Greater* part of the exhibition title hints on the diversity that has been presenting itself to the Icelandic art scene for many decades. To name artists who have adopted Iceland as their home and left impressions, many local art authorities would unanimously agree on Dieter Roth (born 1930 in Germany, died 1998 in Switzerland), who moved to Iceland in late 1950's and became an Icelandic citizen. *Great-Iceland* is thus the potentials of these artists, their unique insights, their contributions.

Yean Fee Quay, curator

Quay was born in 1969 in Singapore and moved to Iceland in 2000. She received her BFA from Pratt Institute and MFA from School of Visual Arts, both in New York City. She held curatorial positions at the SVA Galleries in New York and the Singapore Art Museum. She has been with the Reykjavík Art Museum since 2006.

Dagskrá

Programme

Fimmtudag 19. október kl. 20.00

Leiðsögn með listamönnum

Thursday 19 October at 20h00

Gallery Talk with Artists

Fimmtudag 2. nóvember kl. 20.00

Leiðsögn sýningarstjóra

Thursday 2 November at 20h00

Curator Talk

Sunnudag 26. nóvember kl. 14.00

Leiðsögn með listamönnum

Sunday 26 November at 14h00

Gallery Talk with Artists

